



Reykjavík, 2. október 2018
VEL2018080034
BM/þe

Lagt fyrir fund velferðarráðs 10. október 2018

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri

Svar við fyrirspurn um hlutfall einstaklinga sem hafa farið úr félagslegu húsnæði aftur á almennan húsnæðismarkað.

Á 335. fundi velferðarráðs þann 17. ágúst 2018, lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Óskað er eftir upplýsingum hversu margir einstaklingar búa í félagslegu leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg, hversu margir einstaklingar og hlutfall af heildarfjölda sem búa í félagslegu leiguhúsnæði hafa farið aftur á almennan húsnæðismarkað síðustu tíu ár? Er aðgerðaráætlun eða markviss vinna fyrir einstaklinga í félagslega leiguhúsnæðiskerfinu sem styður þau aftur út á almennan húsnæðismarkað?“

Svar:

Í ársbyrjun 2018 voru 2.050 almennar félagslegar leiguíbúðir í Reykjavík.

Á síðustu tíu árum hafa 214 leigjendur flutt úr húsnæði Félagsbústaða. Ef miðað er við heildarfjölda íbúða í ársbyrjun 2018 er hlutfallið 10,4 % .

Aðgerðaráætlun eða markviss vinna fyrir einstaklinga í félagslega leiguhúsnæðiskerfinu sem styður þau aftur út á almennan húsnæðismarkað fer fram í formi félagslegrar ráðgjafar. Allir einstaklingar sem búa í félagslegu leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg fá félagslega ráðgjöf á þjónustumiðstöðvum en hún tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála og annarra félagslegra úrræða sem gætu gagnast í þessu samhengi.